

Alþingi
Erindi nr. P 138/1793
komudagur 21.11.2010
138/179n

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um notendastýrða persónulega aðstoð við

Þingskjal 641 – 354. mál

Kópavogi, 26. apríl, 2010.

Félagsráðgjafafélag Íslands fékk tillöguna til umsagnar og var undirritaðri falið að veita umsögnina.

Notendastýrð persónuleg aðstoð við fatlað fólk er í boði í nágrannalöndunum og hefur á undanförnum árum aðeins verið gerð tilraun með slíka þjónustu hér á landi. Margt fatlað fólk á Íslandi býr við mjög takmarkað frelsi, þ.e. sumir búa á stofnunum þar sem starfsfólk gengur vaktir og aðrir búa í heimahúsum eða í leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk og njóta þjónustu heimahjúkrunar og fleiri aðila. Fæst fatlað fólk hefur möguleika á að velja sér starfsfólk eða velja hvenær þjónustan er veitt af hendi. Þannig getur margt fatlað fólk ekki valið hvenær það fer að háttá eða hvenær það fer á fætur eða fer í bað. Einnig er oft mikill fjöldi starfsfólks sem kemur að umönnun fatlaðs fólks, starfsfólk frá heimahjúkrun, félagsþjónustu og svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og viðkomandi hefur ekkert að segja um val á starfsfólkinu. Því er tillagan góð byrjun á afar brýnni þjónustu sem nauðsynlegt er að koma á fót og eykur lífsgæði fatlaðs fólks til mikilla muna. Notendastýrð persónuleg aðstoð gefur fötluðu fólki einnig meiri möguleika á þátttöku í samfélaginu og jafnframt fær þá samfélagið meiri möguleika á að nýta það sem fatlað fólk hefur fram að færa þegar aðstæður eru fyrir hendi. Tillagan felur í sér skilning á aðstöðu fatlaðs fólks, þörf fyrir þjónustu og mannréttindum.

Fatlað fólk á Íslandi hefur aflað upplýsinga um hvernig þjónustan er í nágrannalöndunum og stofnuð hafa verið Samtök um sjálfstætt líf á Íslandi. Mikilvægt er að haft sé samráð við fulltrúa samtaka fatlaðs fólks í landinu við áframhaldandi vinnu.

Eitt má benda á og það er að í fyrirsögn tillögunnar er talað um fólk með fötlun en í texta er talað um fatlað fólk. Undirrituð mælir með að í væntanlegum lagabreytingum verði talað um fatlað fólk því við erum jú að tala um fólk. Samtök fatlaðs fólks víða um heim leggja áherslu á þetta orðalag. Mikilvægt er að málfar verði samræmt í texta.

Fyrir hönd Félagsgjafafélags Íslands

María Játvarðardóttir
María Játvarðardóttir